

Náttúruverndarsamtök Suðurlands
Anna Sigríður Valdimarsdóttir
natturuvernd@nss.is

Reykjavík, 29. september 2014
Tilvísun:201409057 / 2.8.3

Efni: Ákvörðun um hvort breyting á deiliskipulagi Dyrhólaeyjar falli undir lög um umhverfismat áætlana.

Vísað er til erindis Náttúruverndarsamtaka Suðurlands, dags. 5. sept. 2014, þar sem óskað er eftir því að Skipulagsstofnun taki ákvörðun um hvort breyting á deiliskipulagi Dyrhólaeyjar sé háð ákvæðum laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, á grundvelli þess að um sé að ræða þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi, en slíkar framkvæmdir falli undir lið 12.c. í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í 3. grein laga um umhverfismat áætlana eru tilgreind þau skilyrði sem áætlanir þurfa að uppfylla til að falla undir ákvæði laganna. Samkvæmt 3. mgr. 3. greinar er hægt að óska eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort tiltekin áætlun sé háð ákvæðum laganna, þegar vafi leikur á.

Í gildandi deiliskipulagi Dyrhólaeyjar eru helstu framkvæmdir sem gert er ráð fyrir; vegir, stígar og bílastæði, auk þess sem heimilt er að breyta gömlu fjárhúsi og hlöðu á Háeynni í gestastofu. Í breytingu á deiliskipulaginu felst að núverandi bílastæði á Lágeynni verða lögð af, og þau færð fjær hömrnunum. Bílastæðið verður stærra að flatarmáli en nú er. Ekki er um nýjar vegaf framkvæmdir að ræða. Við bílastæðið er gert ráð fyrir allt að 100m² húsi fyrir salerni. Borað verður eftir köldu vatni fyrir salernin og rotþró komið fyrir. Rafstrengur frá Loftsolum í Dyrhólahverfi verður plægður niður meðfram vegi að þjónustuhúsinu. Lagðir verða nýir göngustígar.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er ekki skýrt nánar hverskonar uppbygging og þjónusta fellur undir lið 12.c í 2. viðauka við lögin en beint með lesa úr orðalagi ákvæðisins. Framangreint ákvæði byggir hinsvegar á ákvæði 12(c) í viðauka II tilskipunar 2011/92/EU „Holiday villages and hotel complexes outside urban areas and associated developments“. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er þetta ákvæði tilskipunarinnar innleitt með tveimur aðskildum ákvæðum. Annarsvegar er í c-lið 12. tölul. 2. viðauka laganna kveðið á um þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi. Hinsvegar er í d-lið 12. tölul. 2. viðauka laganna kveðið á um þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi.

Skipulagsstofnun telur að skýra verði ákvæði okkar löggjafar með hliðsjón af þessu ákvæði tilskipunarinnar. Með hliðsjón af því fellur sú uppbygging sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi Dyrhólaeyjar hvað varðar umfang og eðli ekki undir skilgreiningu laga um mat á umhverfisáhrifum um þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn, að mati Skipulagsstofnunar.

Það er því niðurstaða Skipulagsstofnunar að umrædd breyting á deiliskipulagi Dyrhólaeyjar falli ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana er heimilt að kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra. Kærufrestur er til 2. nóvember 2014.



Málfríður K Kristiansen

afrit: Mýrdalshreppur.